



## 11. fundur aðalstjórnar haldinn á skrifstofu félagsins að Varmá.

Aðalstjórn Aftureldingar fundaði miðvikudaginn 18. feb. 2015 á skrifstofunni að Varmá kl. 18:15.

Mætt: Guðjón Helgason (GH) Hekla Klemenzdóttir (HK) Geirarður Long (GL) og Auður Gunnarsdóttir (AG). Einnig sat fundinn Indriði Jósafatsson (IJ) framkvæmdastjóri félagsins.

Eymundur Sigurðsson, Anna Sigurðardóttir og Lára Berglind Helgadóttir boðuðu forföll.

---

Guðjón formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Heimsókn frá íþrótt- og tómstundanefnd Mosfellsbæjar.

Formaður og varaformaður nefndarinnar heimsóttu fundinn, þáðu kaffi og kynntu sér störf félagsins. Stjórnin þakkar heimsókn og jákvæðar umræður.

### 2. Tilnefningar fyrir þing UMSK.

Farið yfir skráningar á þing UMSK og lýst yfir ánægju með að þingið skuli að þessu sinni haldið í Mosfellsbæ.

### 3. Aðalfundur UMFA.

Farið yfir undirbúning aðalfundar. Geirarður og Eymundur valdir í nefnd sem fer yfir tilnefningar til viðurkenninga sem veittar verða á fundinum.

### 4. Fundargámur að Varmá, er þörf á honum ?

Fyrirspurn hefur komið til stjórnar félagsins um, hvort fundargámurinn á Varmá, sé nýttur það mikið, að það borgi sig að halda honum á svæðinu. Stjórnin ákvað að vísa málinu til umsagnar hjá formönnum deilda, og ákvörðun frestað þangað til sú umsögn liggur fyrir.

### 5. Á að hafa æfingar deilda, í vetrarfríum í skólum ?

Stjórnin tekur ekki afstöðu til þessa og telur það á valdi deilda að ákveða það.

### 6. Styrkveitingar til deilda 2015.

IJ kynnti útreikninga fyrir stjórn og svarar spurningum varðandi þá. Stjórnin þakkar góða kynningu.

## 7. Skýrsla frá laganefnd.

Geirarður, Eymundur og Hekla sátu í laganefnd að þessu sinni og var falið að fara yfir lög félagsins með það fyrir augum að skoða hvort breytinga væri þörf á lögum félagsins. GL. og HK. kynntu niðurstöður og voru Heklu og Indriða falið að búa málið undir aðalfund.

## 8. Önnur mál.

a) Siðanefnd og hlutverk hennar.

Hekla og Auður spurðust fyrir um hlutverk siðanefndar, hverjir gætu vísað málum til nefndarinnar og hvort nefndinni bæri ekki að taka jafnt á málum iðkenda sem og annara félagsmanna ef upp kæmi ágreiningur um málefni.

Ákveðið að skoða betur reglur og hlutverk nefndarinnar.

Ekki fleira rætt.

Fundi slitið 21:30

Hekla Klemenzdóttir

( sign. )